

Nýraunsæi '68-kynslóðarinnar 1970–1985

stílbragðið stæling í ljóði

Ljóð **Birgis Svans Símonarsonar** sver sig í ætt nýraunsærra ljóða, eða hvað? Höfundur beitir stílbragðinu stælingu af snilld þegar hann stælir eitt fallett ástarljóð í Ljóðaljóðum biblíunnar. Flettu upp í Ljóðaljóðunum og berðu ljóðin saman.

Geggjaður ástaróður til Stínu frá töffaranum á 18555

tennur þínar einsog röð hvítra fólksvagna
hörund þitt einsog eftir hvítan stormsveip
augu þín tær einsog lakk á nýbónuðu tryllitæki
fætur þínir smart hannaðir
brjóst þín einsog ís í brauði
ást mín heit einsog nýsteiktur hamborgari
kossar þínir sætari en kók
skaut þitt einsog sæti í Citroen delux
ég gef skít í allt fyrir ástina
tryllitækið steriógræjurnar bíómiðann
síðustu rettuna
kvar retta án elspítu
tryllitæki án þín

ef þú heyrir geggjaðan ástaróð minn
í lögum unga fólksins
mundi ég fíla það í botn
að þú slæðir á þráðinn beibi

Birgir Svan Símonarson, Nætursöltuð ljóð (1976)

Ljóðabækur höfundar á nýraunsæistímabili:

Hraðfryst ljóð, 1975 og 76
Nætursöltuð ljóð, 1976
Gjalddagar, 1977
Ljóð úr lífsbaráttunni, 1980
Fótmál, 1983
Líflínur, 1985

Síðar útgefnar ljóðabækur:

Stormfuglar, 1987
Farvegir, 1988
Á fallaskiptum, Úrval 1989
Ljóð handa ósýnilegu fólki, 1991
Vatnið gengur í svefni, 1993
Sniglapóstur, ljóð 1995
Ferð mín óð, 1997
Laufsegl, 2000